

rífa niður girðingu þá, sem aðalstefndur Kristján Jónsson setti niður á síðasta sumri milli húseignanna Norðurgötu 2 og Norðurgötu 4, þannig að frjáls aðgangur sé að geymsluhúsinu á 5 álna breiðu svæði meðfram stafni þess að vestan, er takmarkast við viðbyggðan skúr að norðan, og á 5 álna svæði meðfram stafni þess að austan, þannig að girðingin, sem nú er, færist á því svæði til norðurs um $4\frac{1}{2}$ alin.

Aðalstefndu greiði í málskostnað aðalstefnanda in solidum kr. 207.80 aur. í aðalmálinu.

Gagnsökinni visað frá réttinum ex officio.

Gagnstefnandinn, Björn Halldórsson lögfræðingur fyrir hönd Sigurveigar Kristjánsdóttur og Kristjáns Jónssonar, greiði gagnstefndum, Guðmundi Guðmundssyni, í málskostnað í gagnsökinni kr. 50.00.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 17. júní 1940.

Kærumálið nr. 4/1940. Þorleifur Th. Sigurðsson
gegn
Sveini M. Ólafssyni

Um fjárhæð þingvottagjalds í einkamáli. Hafning máls í héraði úr gildi felld.

Dómur hæstaréttar.

Úrskurðinn hefir kveðið upp Björn lögmaður Þórðarson.

Í máli þessu kærir kærandi úrskurð, kveðinn upp á bæjarþingi Reykjavíkur þann 29. f. m., og bærust skjölin hingað 3. þ. m. Hvorki stefndi né héraðsdómarrinn hafa sent hæstarétti greinargerð um málið. Kærandi hefir krafizt þess í greinargerð sinni 31. f. m., að úrskurðurinn verði úr gildi felldur og að

stefnda verði dæmt að greiða honum kostnað kærumálsins að skaðlausu.

Efni kærumáls þessa er fyrst og fremst ágreiningur milli héraðsdómarans og kæranda um það, hvort vottagjald í þinghaldi í málinu þann 29. f. m. skyldi reikna 50 aura handa hvorum þingvotta samkvæmt 41. gr. laga nr. 85/1936 eða 1 krónu samkvæmt 8. gr. laga nr. 85/1938, og þetta ágreiningsefni eitt lagði kærandi til úrskurðar héraðsdómara í þinghaldinu 29. f. m. Enda þótt aðeins forsendur úrskurðarins verði upphæð þingvottagjaldsins, virðist mega dæma það atriði í kærumáli þessu, með því að kærandi hefir krafizt ógildingar á úrskurðinum í heild og greinargerð hans sýnir, að takmark hans með kærinni er fyrst og fremst það, að úr téðu ágreiningsefni verði skorið í æðra dómi.

Með 41. gr. laga nr. 85/1936 voru ákvæði 8. gr. laga nr. 64/1917 um *þingvottagjald* felld úr gildi og ný fyrirmæli sett í staðinn. En með 8. gr. laga nr. 85/1938 voru enn sett ný fyrirmæli um þetta atriði, að efni til samhljóða 8. gr. laga nr. 64/1917, nema að gjaldið var hækkað úr 50 aurum í 1 krónu um hverja klukkustund eða brot úr klukkustund. Hafa hin yngri fyrirmæli 8. gr. laga nr. 85/1938 fellt úr gildi ákvæði 41. gr. laga nr. 85/1936 um þingvottagjald, og ber því nú að ákveða það samkvæmt 8. gr. laga nr. 85/1938.

Eins og ágreiningsefnið var lagt til úrskurðar héraðsdómara, hefði mátt vænta þess, að hann úrskurðaði einungis um þingvottagjaldið, gæfi kæranda síðan kost á að greiða það samkvæmt þeim úrskurði, en hæfi svo málið, ef kærandi neitaði skilorðslaust að hlíta honum. Verður ekki séð, að svo hafi verið með málið farið, og virðist hafning þess því hafa

verið ákveðin áður en ástæða væri til. Þykir þess vegna rétt að taka kröfu kæranda um ógildingu úrskurðarins að þessu leyti til greina.

Eftir atvikum þykir rétt, að kærumálskostnaður falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Þingvottagjald það, sem í máli þessu greinir, fari eftir ákvæðum 8. gr. laga nr. 85/1938.

Ákvæði úrskurðarins um hafningu málsins eru felld úr gildi.

Málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður.

Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 29. maí 1940:

Eftir gildistöku laga nr. 85/1938 um laun hreppstjóra, aukatekjur o. l. hefir verið litið svo á, að 8. gr. þeirra laga breytti fyrir mælum 41. gr. einkamálalaganna frá 1936 um gjald til réttarvotta þannig, að hvorum votti beri ein króna um klukkustund eða brot úr klukkustund fyrir hvert mál, sem tekið væri til meðferðar á dómþinginu í stað 50 aura áður. Þessum skilningi hefir og stöðugt verið fylgt í framkvæmd. Með því að umboðsmaður stefnanda neitar nú þeirri kröfu dómarans að greiða ásamt frestsgjaldinu kr. 2.00 til réttarvottanna, en býður aðeins fram 1 krónu, verður að telja, að hann skorist undan að greiða lögmælt gjöld, og þykir dómaranum því rétt að nota heimildina í 119. gr. 2. mgr. 1. tölulið einkamálalaganna til að hefja mál þetta.

Því úrskurðast:

Mál þetta er hafið.